

Uppsetning á biðlarahugbúnaði (ALEPH GUI client): útg. 22.1.7 í Windows 7, 8 og 10.

Landskerfi bókasafna - Dögg Hringsdóttir – síðast breytt mars 2017

ÁRÍÐANDI:

- Innskráður Windows notandi við uppsetningu verður að vera Administrator með hámarks réttindi því annars tekst uppfærslan ekki.
- Nauðsynlegt er að keyra allar .exe skrár með ,Run as administrator' en ekki tvísmella á þær.

1. Búa til nýja möppu með heitinu **inst500** á C:\ drifi tölvunnar.

2. Sækja biðlarapakkann **gui500.exe** á þjónustuvef Landskerfis bókasafna; slóðin er <u>https://www.landskerfi.is/kerfin/gegnir/til-tolvudeilda/bidlarahugbunadur</u>

<u>Velja rétta stjórnunareiningu</u> til að sækja biðlarapakka. Þetta er mjög mikilvægt því aðgangsheimildir starfsmanna eru bundnar söfnum/stjórnunareiningum. Hafið samband ef þið eruð í vafa um hvaða stjórnunareiningu safn tilheyrir.

Stærð pakkans er um 25 MB. Vistið hann, þ.e.a.s. skjalið gui500.exe, í möppuna C:\inst500 Ef skjalið vistast sjálfkrafa í Download möppu þá þarf að flytja það yfir í inst500 möppuna.

• Athugið að í sumum tölvum sést ending skrárheita ekki og því getur skjalið birst undir heitinu gui500

3. Opna möppuna C:\inst500, hægrismella á skjalið gui500.exe og velja ,Run as administrator'.

- Skjalið pakkar sér út: svartur gluggi opnast og listi af skrám birtist.
- Loka svarta glugganum þegar því er lokið ef hann lokast ekki af sjálfu sér.

Mappan C:\inst500 inniheldur nú 15 skjöl og þeirra á meðal uppsetningarforritið setup.exe.

4. Loka öllum öðrum forritum sem kunna að vera í gangi í tölvunni.

5. Hægrismella á skjalið setup.exe (eða setup) í möppunni C:\inst500 og velja ,Run as administrator'

Uppsetningarforrit (Installation wizard) fer í gang:



ALEPH 500 - Version 22 In	stallation
	Welcome!
	This installation program will install ALEPH 500 - Version 22. Press the Next button to start the installation. You can press the Cancel button now if you do not want to install ALEPH 500 - Version 22 at this time.
	Next> Cancel

Fara í gegnum forritið með því að smella á Next og samþykkja allar sjálfgefnar stillingar nema í glugganum *"Run version check?"*, en þar á að fjarlægja hakið af "Version check on starting application".

ALEPH 500 - Version 22 In	stallation
	Select Method of Installation
	 Main Network Stand-alone
	Stand-alone: Installation for a single workstation. No sharing of applications or files. Network: Installation for multiple workstations accessing a single central installation. Workstations should use the network installation (net500.exe).
	< Back Next > Cancel
-	



ALEPH 500 - Version 22 Inst	Select Installation Type
	Typical Required disk space - 25 MB Custom
	< Back Next > Cancel

ALEPH 500 - Version 22 Ir	Istallation
	Select Destination Directory
	Please select the directory where the ALEPH 500 - Version 22 files are to be installed.
	C.\AL500 Browse
	Disk space: free 178492340 k
	<back next=""> Cancel</back>
-	



Select the Program Manager Group Enter the name of the Program Manager group to add the ALEPH 500 - Version 22 icons to: ALEPH 500 Accessories Administrative Tools ALEPH 500 Mainistrative Tools ALEPH 500 Mainienance Notepad++ Startup	ALEPH 500 - Version 22 Ins	tallation
Enter the name of the Program Manager group to add the ALEPH 500 - Version 22 icons to: ALEPH 500 Accessories Administrative Tools ALEPH 500 Maintenance Notepad++ Startup		Select the Program Manager Group
ALEPH 500 Accessories Administrative Tools ALEPH 500 Maintenance Notepad++ Startup		Enter the name of the Program Manager group to add the ALEPH 500 - Version 22 icons to:
Accessories Administrative Tools ALEPH 500 Maintenance Notepad++ Startup		ALEPH 500
		Accessories Administrative Tools ALEPH 500 Maintenance Notepad++ Startup Windows SBS
< <u>B</u> ack <u>N</u> ext> <u>C</u> ancel		< <u>B</u> ack Next> Cancel



Hér þarf að fjarlægja hakið úr reitnum "Version check on starting application" áður smellt er á "Next".



ALEPH 500 - Version 22 Ins	Ready to Install!
	You are now ready to install ALEPH 500 - Version 22. Press the Next button to begin the installation or the Back button to reenter the installation information.
	< Back Next > Cancel

Uppsetningin fer í gang og í glugga sést hvernig henni miðar áfram.





🖬 C:\Windows\system32\cmd.exe
The operation completed successfully.
1 file(s) copied.
The operation completed successfully.
1 file(s) copied.
The operation completed successfully.
1 file(s) copied.
The operation completed successfully.
1 file(s) copied.
The operation completed successfully.
1 file(s) copied.
The operation completed successfully.
1 file(s) copied.
The operation completed successfully.
1 file(s) copied.
The operation completed successfully.
1 tile(s) copied.
The operation completed successfully.
The s copied.
Ine operation completed successfully.
I TILE(S) COPIEG.
Ine operation completed successfully.
The comption completed execces fully
The operation completes successfully.
Report required for the points installation:
bo god want to restart windows now? [g/n]

Endurræsa þarf tölvu í lok uppsetningar.

Lokið öllum forritum sem kunna að vera opin, sláið inn ,y' í svarta gluggann og ýtið á Enter til að endurræsa.



Ex Libris From Library Systems to Information Systems	
Copyright ${\mathbb D}$ 2003 Ex Libris Ltd. All Rights Reserved	Installation Co X

Smella á **OK** þegar uppsetningu er lokið.

Ef upp kemur Windows tilkynning um hugsanlega villu í uppsetningu (*"This program might not have installed correctly"*) þá á að velja möguleikann *"This program installed correctly"*.

Uppsetningarforritið hefur nú sett upp biðlara í möppunni **AL500** á C:\-drifi tölvunnar. Í möppunni eru allir þættir kerfisins, hver í sinni undirmöppu:

- ACQ=Aðfangaþáttur
- **ALEPHADM**=Stjórnunarþáttur
- ALEPHCOM=Kerfisskrár
- **CIRC**=Útlánaþáttur
- **CATALOG**=Skráningarþáttur
- ILL=Millisafnalánaþáttur

Til að biðlari Gegnis vinni rétt þá þarf innskráður notandi (starfsmaður bókasafns) helst að hafa fulla heimild (Read-Write-Create-Modify-Execute) á C:/ drifið, en *að lágmarki* þarf hann að hafa slíka heimild í ALLAR möppur/undirmöppur og skrár á C:/AL500 og C:/temp.

Mælt er með því að vista flýtihnappa (shortcut) fyrir Útlánaþátt og Skráningarþátt á verkstiku (taskbar).

- Hægrismella á C:\AL500\Circ\bin\circ.exe og velja ,Pin to taskbar'
- Hægrismella á C:\AL500\Catalog\bin\catalog.exe og velja ,Pin to taskbar'

Einnig er hægt að vista flýtihnappa á skjáborði (Desktop).

- Hægrismella á C:\AL500\Circ\bin\circ.exe og velja ,Send to Desktop (create shortcut)'
- Hægrismella á C:\AL500\Catalog\bin\catalog.exe og velja ,Send to Desktop (create shortcut)'



Kerfið ræst:

Kerfið sjálft (biðlarinn) er ræst á eftirfarandi hátt: Smella á flytihnappa fyrir kerfisþátt á Verkstiku eða Skjáborði:



EÐA

Smella á START → ALL PROGRAMS eða ALL APPS → ALEPH 500 → <kerfisþáttur> (t.d. Circulation)

Gluggi kemur upp þar sem beðið er um notandanafn og lykilorð. Sláið inn notandanafn og lykilorð og smellið á **Staðfesta.**

- Til að prófa tengingu má nota notandanafn og lykilorð "gegnir".
- Litlir stafir eru slegnir inn en þeir breytast í stóra stafi í innskráningarreit fyrir notandanafn.

Natao da sefa :		STAÐFESTA
Notanganam:	ļI	
Lykilorð:		Hætta við
Vista lvkilorð		Hjálp

Hafið samband við Landskerfi bókasafna í síma 514 5050 ef vandamál koma upp.

<u>Að lokinni uppsetningu: Stillingar í biðlara – tölvupóstur, útprentanir,</u> <u>útlánastillingar, eintakatenging:</u>

1. Til að hægt sé að senda tölvupóst úr biðlaranum þarf að setja inn stillingar fyrir póstþjón safnsins og sendanda pósts (netfang og heiti).

Opnið skrána C:\AL500\ALEPHCOM\TAB\ALEPHCOM.INI í Notepad og setjið inn réttar stillingar fyrir MailServer, FromAddress, BccAddress og MailerName. Passið að ekki sé bil á eftir jafnaðarmerkinu (=). Heiti póstþjóns getur verið með ýmsu móti eftir aðstæðum á hverjum stað; "mail.bokasafn.is" er aðeins dæmi. Í FromAddress er sett netfang viðkomandi bókasafns/bókavarðar. Í MailerName skal setja heiti sendanda eins og það á að birtast á tölvubréfum. Mælt er með því að setja netfang í BccAddress þá verður sent þangað afrit af öllum tölvupósti sem kerfið sendir til notenda. Getur verið hentugt til að hafa yfirsýn yfir útsendan póst, t.d ef lánþegar kannast ekki við að hafa fengið rukkbréf.



```
[Mail]
; Dæmi um skilgreiningu á póstþjóni:
; MailServer=mail.bokasafn.is (heiti póstþjóns)
; FromAddress=bokasafn@djupifjordur.is (netfang sendanda)
; BccAddress=utlan@djupifjordur.is (netfang fyrir viðtakanda afrits af
pósti)
; MailerName=Bókasafn Djúpafjarðar (Heiti sendanda)
; Setjið eigin stillingar hér fyrir neðan.
MailServer=
FromAddress=
BccAddress=
MailerName=
```

2. Til að stilla útprentun úr ýmsum kerfisþáttum þarf að setja inn skilgreiningar fyrir prentara og prentform í nokkrar stýriskrár. Þetta eru t.d. bókamiðar, frátektatilkynningar, útlánayfirlit, útlánakvittanir og lánþegakort. Athugið að skilgreina þarf bókamiðaprentara sem ,generic/text' til að útprent á hann verði rétt. Kvittanaprentari er settur upp með driver frá framleiðanda.

Leiðbeiningar um stillingar vegna útprentana er að finna á Þjónustuvef Landskerfis bókasafna, <u>https://www.landskerfi.is/leidbeiningar/gegnir/bidlari</u>

3. Í **Útlánaþætti** getur þurft að virkja ýmsar stillingar fyrir útprentanir og athugasemdir. Smella á **GEGNIR** lengst til vinstri í efstu valmyndalínu og velja **Valkostir --> Stillingar - Skil**.

Tengjast	•	
Lánstími	•	
Birta hreyfingalista biðlara/miðlara Sækja kveikjur (triggers)	appVisingar	
Prentsaga		Skuld: 0.00
Reporting Center		Sekt er komin í: 0.00 Greiða
Valkostir	Stillingar - útlán	Sent í innheimtu: 0.00 Greiðduglaða
Skipta um kerfisþátt	Stillingar - skil	Greiða alls: 0.00
Uppfæra biðlara	Sérsníða	
Hætta		Ljúka lotu Prenta tilk.
	<u>(Mainablas 0</u> 2. Bonn	

Haka þarf við "**Birta lista yfir frátektabeiðnir**" til að prentun og tölvupóstsending frátektatilkynninga verði virk.

Þarna eru einnig ýmsar fleiri stillingar sem safnið þarf að velja hvort það virkjar eða ekki, s.s. birting athugasemda og prentun skilakvittana.

Einnig þarf að skoða samsvarandi glugga fyrir útlánastillingar (**GEGNIR --> Valkostir --> Stillingar - Útlán**) því þar eru ýmsir möguleikar sem ástæða er til að virkja, s.s. birting athugasemda og prentun útlánakvittana.



Stillingar - skil	X
Prenta skilakvittun	STAÐFESTA
Prenta skilakvittun - eintak milli safna	
✓ Birta lista yfir frátektabeiðnir	
Prenta beiðni um ljósrit sjálfkrafa við skil eintaks	
▼ Birta athugasemd: "Eintak er ekki í láni"	
▼ Birta útlánsathugasemd fyrir eintak	
Birta athugasemd/ir fyrir útlán	
🔽 Birta ferilstöðu eintaks	
Lánstími útrunninn - tilkynning	
C Engin tilkynning	
O Fyrir hvert eintak	Haetta viā
(Við lok afgreiðslu notanda (F4)	
	Hjaip

 Dirta dualisatinggeenid fyrir einak Birta athugasemd vegna frátekta og MSL eintaka sem biða Birta athugasemd - Eintak frátekið 	STADRESTA
Birta athugasemd vegna frátekta og MSL eintaka sem biða Birta athugasemd - Eintak frátekið	
V Birta athugasemd - Eintak frátekið	
—	
Lykilorðs lánþega er krafist	
V Birta ferilstöðu eintaks	
Yfirskipunarhnappur virkur	
Prenta skilakvittun við útlán eintaks sem er þegar í útláni	
Prentun útlának vittana	
🔿 Engin kvittun	
🔿 Fyrir hvert útlán	Hætta við
Fyrir öll útlán	
	Hjálp

4. Í **Skráningarþætti** þarf ganga úr skugga um að stillt sé á rétta stjórnunareiningu fyrir eintakatengingu. Smella á **GEGNIR** lengst til vinstri í efstu valmyndalínu og síðan á "**Velja stj.einingu(ADM)**". Velja síðan rétta stjórnunareiningu fyrir viðkomandi safn ef ekki er stillt á það.